



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2010 og 2011

2012

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir árin 2010 og 2011. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2010 og 2011.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 6,5 % á árinu 2011 samanborið við árið 2010. Fjöldi tilkynninga á árinu 2011 var 8.661, en 9.264 árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um tæplega 2% og um 17% á landsbyggðinni þegar allt árið er skoðað. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 44,4% árið 2011, en 47,2% árið 2010. Alls voru 31,6% tilkynninga árið 2011 vegna vanrækslu, en 30,6% árið 2010. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi árið 2011 var 23,1%, en 21,6% árið 2010. Hlutfall tilkynninga árið 2011 vegna þess að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var 0,9%, en 0,6% árið 2010.

Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Á árinu 2011 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 7,8%. Árið 2010 var hlutfallið 7,3%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga árið 2011 þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 4,9%, en 4,1% á árinu 2010.

Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra fyrir árið 2011 var 49,0%, en 49,8% árið 2010.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2011 var 7.158 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2010 var 7.616 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði á árinu 2011 miðað við árið á undan. Umsóknir voru 92 á árinu 2011 en 141 á árinu 2010. Flestar umsóknir árið 2011 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 72,8%, en þetta hlutfall var 73,1 árið 2010.

Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur bæði tímabilin, en 63,0% umsókna ársins 2011 voru fyrir drengi og 63,8% árið 2010. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir á árinu 2011 var 15,7 ár.

Alls bárust 82 umsóknir um Fjölkorfameðferð (MST) á árinu 2011, en 77 umsóknir á árinu 2010. Fjölkorfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Meðalaldur barnanna sem sótt var um fyrir var 15,0 ár árið 2011. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur bæði árin og var hlutfall umsókna fyrir drengi 65,9% árið 2011 en 59,7 árið 2010.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 113 í 144 á umræddu tímabili. Mest var fjölgunin í umsóknum um styrkt fóstur eða úr 16 umsóknum í 31 umsókn. Flestar umsóknir voru um tímabundið fóstur eða 68,1% umsókna árið 2011, en 79,6% umsókna ársins 2010. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur, en hlutfall umsókna fyrir drengi var 60,4% árið 2011 og 55,8% árið 2010.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl á árinu 2011 samtals 202, en 223 árið 2010. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 68,8% árið 2011 og 66,4 % árið 2010.

Á árinu 2011 voru 234 vistanir í neyðarvistun Stuðla, en 253 árið 2010. Vistunardögum fækkaði á árinu 2011 miðað við árið á undan úr 1.531 degi í 1.522 daga. Fjöldi einstaklinga sem voru vistaðir á árinu 2011 var 98 einstaklingar, en 102 einstaklingar árið 2010. Fleiri drengir komu í neyðarvistun, en hlutfall drengja var 61,2% árið 2011 og 60,8% árið 2010.

Fjöldi umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fjölgaði á árinu 2011 miðað við árið 2010. Samtals bárust 67 umsóknir á árinu 2011, en 57 umsóknir á árinu 2010. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	4.246	45,8	4.157	48,0
Seltjarnarnes	48	0,5	48	0,6
Kópavogur	839	9,1	804	9,3
Garðabær	129	1,4	103	1,2
Hafnarfjörður	724	7,8	841	9,7
Álftanes	103	1,1	73	0,8
Reykjanesbær	582	6,3	417	4,8
Grindavík	142	1,5	105	1,2
Sandgerði	279	3,0	190	2,2
Mosfellsbær	249	2,7	205	2,4
Akranes	109	1,2	117	1,4
Borgarfjarðar og Dala	33	0,4	44	0,5
Snæfellinga	29	0,3	17	0,2
Norðanverðir Vestfirðir	172	1,9	143	1,7
Vesturbyggð og Tálknafjörður	20	0,2	11	0,1
Húnaþing vestra	35	0,4	24	0,3
A-Hún	80	0,9	66	0,8
Skagafjörður	50	0,5	33	0,4
Útey	101	1,1	87	1,0
Eyjafjörður	390	4,2	336	3,9
Þingeyingar	92	1,0	75	0,9
Fljótsdalshérað	76	0,8	79	0,9
Fjarðabyggð	95	1,0	77	0,9
Hornafjörður	42	0,5	50	0,6
Árborg	186	2,0	204	2,4
Uppsveitir Árnassýslu*	23	0,2	42	0,5
Hveragerði*	42	0,5	35	0,4
Ölfus*	10	0,1	13	0,2
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	61	0,7	51	0,6
Vestmannaeyjar	277	3,0	214	2,5
Samtals	9.264	100,0	8.661	100,0

*Í ágúst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnassýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Árneshvíkinga

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	6.338	68,4	6.231	71,9
Landsbyggð	2.926	31,6	2.430	28,1
Samtals	9.264	100,0	8.661	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsýslur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

Barnaverndarnefnd	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.306	43,4	3.258	45,5
Seltjarnarnes	47	0,6	42	0,6
Kópavogur	691	9,1	676	9,4
Garðabær	123	1,6	98	1,4
Hafnarfjörður	624	8,2	736	10,3
Álftanes	72	0,9	58	0,8
Reykjanesbær	513	6,7	377	5,3
Grindavík	108	1,4	77	1,1
Sandgerði	212	2,8	137	1,9
Mosfellsbær	214	2,8	179	2,5
Akranes	95	1,2	89	1,2
Borgarfjarðar og Dala	32	0,4	41	0,6
Snæfellinga	29	0,4	17	0,2
Norðanverðir Vestfirðir	142	1,9	132	1,8
Vesturbyggð og Tálknafjörður	17	0,2	11	0,2
Húnaþing vestra	30	0,4	23	0,3
A-Hún	53	0,7	55	0,8
Skagafjörður	43	0,6	29	0,4
Útey	101	1,3	87	1,2
Eyjafjörður	350	4,6	298	4,2
Þingeyingar	84	1,1	71	1,0
Fljótsdalshérað	72	0,9	68	0,9
Fjarðabyggð	92	1,2	73	1,0
Hornafjörður	37	0,5	50	0,7
Árborg	178	2,3	185	2,6
Uppsveitir Árnassýslu	22	0,3	38	0,5
Hveragerði	40	0,5	34	0,5
Ölfuss	6	0,1	13	0,2
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	57	0,7	45	0,6
Vestmannaeyjar	226	3,0	161	2,2
Samtals	7.616	100,0	7.158	100,0

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	5.077	66,7	5.047	70,5
Landsbyggð	2.539	33,3	2.111	29,5
Samtals	7.616	100,0	7.158	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	4.973	65,3	4.602	64,3

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.836	30,6	2.738	31,6
Líkamleg vanræksla	155	1,7	174	2,0
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.400	25,9	2.353	27,2
*Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	676	7,3	676	7,8
Vanræksla varðandi nám	97	1,0	119	1,4
Tilfinningaleg vanræksla	253	2,7	197	2,3
Ofbeldi	2.000	21,6	2.003	23,1
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	1.076	11,6	1100	12,7
*þar af heimilisofbeldi	381	4,1	428	4,9
Líkamlegt ofbeldi	526	5,7	453	5,2
Kynferðislegt ofbeldi	428	4,6	461	5,3
Áhættu hegðun	4.373	47,2	3.846	44,4
Neysla barns á vímuefnum	836	9,0	727	8,4
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	911	9,8	968	11,2
Afbrot barns	1.960	21,2	1.583	18,3
Barn beitir ofbeldi	516	5,6	460	5,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	205	2,2	185	2,1
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	55	0,6	74	0,9
Tilkynningar alls	9.264	100,0	8.661	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	171		193	

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Tilkynnendur

Tilkynnendur	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	53	0,6	63	0,7
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	414	4,5	459	5,3
Nágrannar	677	7,3	656	7,6
Önnur barnaverndarnefnd	187	2,0	173	2,0
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	165	1,8	195	2,3
Lögregla	4.618	49,8	4.245	49,0
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	910	9,8	859	9,9
Leikskóli/gæsluforeldri	134	1,4	147	1,7
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	631	6,8	574	6,6
Foreldrar barns	897	9,7	810	9,4
Aðrir	578	6,2	480	5,5
Samtals	9.264	100,0	8.661	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	70	49,6	52	56,5
Götusmiðjan*	29	20,6		
Langtímameðferð	42	29,8	40	43,5
Samtals	141	100,0	92	100,0

*Meðferðarheimili Götusmiðjunnar hætti starfssemi í júní 2010.

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	62	44,0	44	47,8
Nágrenni Reykjavíkur*	41	29,1	23	25,0
Landsbyggð	38	27,0	25	27,2
Samtals	141	100,0	92	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	90	63,8	58	63,0
Stúlkur	51	36,2	34	37,0
Samtals	141	100,0	92	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	2010	2011
Meðalaldur barna	15,8	15,7

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	33	42,9	42	51,2
Nágrenni Reykjavíkur*	44	57,1	40	48,8
Samtals	77	100,0	82	100,0

*Þjónustusvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	46	59,7	54	65,9
Stúlkur	31	40,3	28	34,1
Samtals	77	100,0	82	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

Meðalaldur barna	2010	2011
Meðalaldur barna	14,8	15,0

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	90	79,6	98	68,1
Varanlegt	7	6,2	15	10,4
Styrkt	16	14,2	31	21,5
Samtals	113	100,0	144	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	55	48,7	61	42,4
Nágrenni Reykjavíkur*	26	23,0	31	21,5
Landsbyggð	32	28,3	52	36,1
Samtals	113	100,0	144	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	63	55,8	87	60,4
Stúlkur	50	44,2	57	39,6
Samtals	113	100,0	144	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	2010	2011
Samtals	11,0	12,0

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	2010	2011
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	223	202
a. Skýrslutökur	55	66
b. Könnunarviðtöl	168	136
Greiningar-og meðferðarviðtöl	108	113
Læknisskoðanir	17	21

Kyn barna í Barnahúsi*

Kyn	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	75	33,6	63	31,2
Stúlkur	148	66,4	139	68,8
Samtals	223	100,0	202	100,0

*Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Vistanir, vistunardagar og fjöldi einstaklinga*

	2010	2011
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	253	234
Vistunardagar	1.531	1522
Fjöldi einstaklinga	102	98

*Hér er átt við fjölda vistana á árinu, heildarfjölda vistunardaga og fjölda einstaklinga vistaðir á árinu.

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	62	60,8	60	61,2
Stúlkur	40	39,2	38	38,8
Samtals	102	100,0	98	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni	29	50,9	31	46,3
Vesturland	4	7,0	7	10,4
Vestfirðir	1	1,8	2	3,0
Norðurland	9	15,8	7	10,4
Austurland	3	5,3	3	4,5
Suðurland	7	12,3	7	10,4
Reykjanes	2	3,5	9	13,4
Fólk búsett erlendis	2	3,5	1	1,5
Samtals	57	100,0	67	100,0